

Hvað gerir ökumannskortið?

Kortið er gefið út fyrir tiltekinn ökumann til staðfestingar þess hver ökumaðurinn er og veitir kortið honum aðgang að rafrænum ökurita.

Kortið geymir rafrænar upplýsingar um aksturs- og hvíldartíma ökumannsins og aðrar upplýsingar sem færðar eru sjálfvirk af ökuritanum á kortið.

Kortið tengir persónulegar upplýsingar um ökumanninn, nafn o.fl., upplýsingum um akstur hans og hvíld og eru þær geymdar á kortinu og í ökuritanum.

Hvenær á að nota kortið og skrá akstur og hvíld?

Reglur um aksturs- og hvíldartíma ökumanna gilda um:

- farmflutninga á vegum þegar leyfð heildarþyngd bifreiðar, að meðtöldum eftirvögnum er meiri en 3.500 kg, eða
- farþegaflutninga á vegum með hóp bifreið sem ætluð er til slíkra flutninga.

Reglurnar gilda ekki um flutning sem ekki er í atvinnuskyni þegar leyfð heildarþyngd bifreiðar, að meðtöldum eftirvagni er ekki yfir 7.500 kg.

Aðrar undantekningar má sjá í 3. og 20 gr. *reglugerðar um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, notkun ökurita og eftirlit.*

Reglugerðina má finna undir *lög og reglur* á heimsíðu Samgöngustofu www.samgongustofa.is.

Hvað þarf sérstaklega að muna?

- Muna að stilla ökurita á hlé/hvíld, önnur vinna eða tiltækur eftir því sem við á hverju sinni. Vanræksla á skráningu leiðir til rangra upplýsinga.
- Muna að flytjandi/fyrirtæki þarf að hlaða niður gögnum af ökumannskortinu og ökuritanum a.m.k. mánaðarlega.

Hvað er ökuriti?

Ökuriti er búnaður til að skrá, sýna og geyma upplýsingar um aksturs- og hvíldartíma ökumanns, hraða bifreiðar og fleira. Nýrri gerðir ökurita eru rafrænir og taka við ökuritakortum. Hér má sjá helstu tegundir ökurita en nánari upplýsingar um virkni og notkun þeirra má finna í handbókum sem fylgja þeim og á heimasíðum framleiðenda.

Stoneridge



Siemens VDO



Actia



Samgöngustofa 

Ármúla 2, 108 Reykjavík
Sími: 480 6000 - fax: 480 6002
Vefsíða: www.samgongustofa.is

Samgöngustofa

Ármúla 2
108 Reykjavík.

Samgöngustofa 

ÖKUMANNSKORTIÐ



Hvað þarftu að vita?

Þú þarft að þekkja reglur um hámarks aksturstíma ökumanna hvern dag, hverja viku og hverja 14 daga, svo og um skyldu ökumanna til að gera hlé á akstri og til að taka daglega og vikulega hvíld frá akstri. Einnig þarftu að vita í hvaða bifreiðum og við hvaða akstur þú eigir að skrá aksturs- og hvíldartíma með ökurita. Ökuritaskífur eru notaðar í eldri gerð ökurita en ökumannskortið er í rafrænan ökurita. Nánari upplýsingar má finna á www.samgongustofa.is/umferd/okutaeki/ rafrænar-ökuritar/

Hvers vegna að nota ökurita?


Ökumenn, sem annast flutninga á vegum, eiga rétt á reglubundinni hvíld frá akstri og eiga ekki undir neinum kringumstæðum að þurfa að aka óhæfilega lengi í senn þannig að velferð og öryggi þeirra og annarra vegfarenda sé hættu búin.

- Þess vegna er í 44. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 kveðið á um það að enginn megi stjórna eða reyna að stjórna ökutæki, sé hann vegna veikinda, ofreynslu, svefnleysis eða annarra orsaka þannig á sig kominn að hann geti ekki stjórnað ökutækinu örugglega.
- Þess vegna eru reglur um aksturs- og hvíldartíma ökumanna og reglur um eftirlit til að farið sé eftir þeim.
- Þess vegna eru reglur um að ökumanskort og ökuriti skuli notaður til að skrá og geyma upplýsingar um aksturs- og hvíldartíma ökumanns, hraða bifreiðar og fleira.

Markmiðið með reglum um aksturs- og hvíldartíma ökumanna er fyrst og fremst að auka öryggi í umferðinni og vinnuvernd ökumanna.

Hvaða reglur gilda um aksturs- og hvíldartíma ökumanna?

1. Aksturstími hvern dag skal ekki vera lengri en 9 klst. Heimilt er að lengja daglegan aksturstíma í allt að 10 klst., þó ekki oftar en tvisvar í viku.
2. Aksturstími í heild á hverjum samfelldum tveimur vikum má þó ekki vera lengri en 90 klst.
3. Aksturstími í hverri viku má ekki vera lengri en 56 klst. Aksturstíminn og tíma, sem varið er til annarrar vinnu s.s. við lestun og losun, hreinsun, viðhald o.fl. má þó ekki vera lengri en 60 klst. og meðalfjöldi vinnustunda á viku má ekki fara yfir 48 klst. í fjóra mánuði.
4. Hlé skal gera á akstri í að minnsta kosti samfelldar 45 mín. eftir akstur í 4,5 klst. nema hvíldartími sé að hefjast. Þessum 45 mínútum má skipta í a.m.k. 15 mín. hlé og síðan í a.m.k. 30 mín. Hlé þannig að heildarhlé frá akstri verði a.m.k. 45 mín.
5. Daglegan hvíldartíma skal taka á ný innan sólarhrings frá lokum síðasta daglegs eða vikulegs hvíldartíma, í a.m.k. 11 klst. (reglubundinn daglegan hvíldartíma) eða í a.m.k. 9 klst. (styttn daglegan hvíldartíma). Daglegan hvíldartíma má lengja til þess að unnt sé að ná reglubundnum vikulegum hvíldartíma eða styttnum vikulegum hvíldartíma.



6. Reglubundinn daglegan hvíldartíma má taka í tveimur hlutum að því tilskildu að hvíldartíminn verði lengdur þannig að fyrra tímabilið sé a.m.k. 3 klst. samfellt og það síðara a.m.k. 9 klst., samfellt.
7. Styttn reglubundinn daglegan hvíldartíma má ekki taka oftar en þrisvar milli tveggja vikulegra hvíldartíma.
8. Á hverjum tveimur samfelldum vikum skal ökumaður fá hvíldartíma a.m.k. tvisvar sinnum vikulegan hvíldartíma (reglubundinn vikulegan hvíldartíma) í a.m.k. 45 klst. hvort sinn, eða a.m.k. 45 klst. hvíld (reglulegan vikulegan hvíldartíma) og hvíld í a.m.k. 24 klst. (styttn vikulegan hvíldartíma). Slíka styttingu skal bæta upp með samfelldri jafn langri hvíld innan þriggja vikna frá lokum þeirrar viku þegar hvíldartíminn var styttn.
9. Nánari upplýsingar um akstur og hvíld og undanþágur frá reglum má finna í 6. - 11. gr. *reglugerðar um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, notkun ökurita og eftirlit nr. 605/2010*

